

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Framkvæmdum vegna gr. 2.2. skal lokið innan tveggja ára frá útgáfu starfsleyfis þessa.
5.2. Framkvæmdum vegna gr. 2.10., þ.e. gerð steyprtar þróar umhverfis lýsisgeyma skal lokið innan 36 mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa.

Umhverfissráðuneytið, 15. júlí 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 350

AUGLÝSING

16. júlí 1991

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu umferðar-nefndar Akraness hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði sett á heimkeyrslu að Grundaskóla gagnvart Víkurbraut.
2. að biðskylda verði sett í heimkeyrslu að Sjúkrahúsi Akraness gagnvart Vesturgötu.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 16. júlí 1991.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.

Nr. 351

AUGLÝSING

17. júlí 1991

**um breytingu á fylgiskjali nr. 324 3. júlí 1991 með reglugerð nr. 300,
7. júní 1991.**

1. gr.

Við fylgiskjalið bætist:

ELYZOL, töflur.
INDÓMETASÍN (Delta), hylki.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. júlí 1991.

F. h. r.
Einar Magnússon.